



Akureyrarbær

Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030

Blöndulína 3 – skipulagslýsing


Kynningarfundur í Giljaskóla

10. apríl 2024



Akureyrarbær

Blöndulína 3 í gildandi aðalskipulagi



Í gildandi aðalskipulagi sem tók gildi í maí 2018 kemur fram að Landsnet áformar að byggja nýja 220 kV háspennulínu, Blöndulínu 3, að Kífsá eða Rangárvöllum og er reiknað með að hún verð loftlína.

Fram kemur að ekki liggi endanlega fyrir hvor kosturinn verði valinn.



Akureyrarbær

Blöndulína 3 – Mat á umhverfisáhrifum

Ferli mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 lauk með álitum Skipulagsstofnunar dags. 9. desember 2022.

Samkvæmt matinu er fallist á að aðalvalkostur Landsnets verði loftlína og fari samkvæmt Valkosti C2 um Akureyri á um 2,3 km löngum kafla.


Í matinu var einnig skoðaður sá kostur að hafa línuna sem jarðstreng innan bæjarmarka Akureyrar.

Í matinu er miðað við að línan fari að Rangárvöllum en ekki að Kífsá.



Akureyrarbær

Blöndulína 3 – Mat á umhverfisáhrifum



Eftir að umhverfismati lauk var ákveðið að breyta legu línunnar til að koma til móts við landeigendur á leiðinni.

Skipulagsstofnun taldi að þessi breyting á legu væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hefur Landsnet nú óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi til samræmis við þessa legu Blöndulínu 3.



Akureyrar bær

Blöndulína 3 – ferli aðalskipulagsbreytingar


Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Ferli vegna verulegrar breytingar á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr.



Akureyrarbær


Við erum hér í ferlinu





Akureyrarbær

Blöndulína 3 – breyting á aðalskipulagi



Lega helgunarsvæðis loftlínu frá sveitarfélagamörkum breytist

Fellt er út iðnaðarsvæði I16 - Kífsá

Gert er ráð fyrir að Rangárvallalína 1 og Dalvíkurlína 1 muni víkja í skipulagstímabilinu

Afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæðis aðlagast að helgunarsvæði háspennulínu



Akureyrarbær

Blöndulína 3 – Loftlína/jarðstrengur

Í skipulagslýsingunni er ekki tekin afstaða til þess hvort línan innan marka Akureyrarbæjar verði í loftlínu eða sem jarðstrengur, að hluta að öllu leyti.

Fyrir liggur mat Landsnets að ekki er hægt að leggja hluta Blöndulínu 3 í jarðstreng að svo stöddu.

Er því gert ráð fyrir að línan verði lögð í lofti að Rangárvöllum með möguleikanum á að hluti línunnar verði lagður í jörðu síðar, þegar það verður tæknilega mögulegt.

Forsenda þess að setja megí hluta línunnar í jörðu er m.a. uppbygging byggðalínu milli Hryggstekks í Skriðdal allt suður til tengivirkis við Klafastaði í Hvalfirði.

Blöndulína 3 – Loftlína



Akureyrarbær



Heildarlengd háspennulínu innan Akureyrarbæjar 2,8 km (var 2,3 skv. upphaflegu mati)

Alls verða 9 möstur innan Akureyrarbæjar



Akureyrarbær

Skipulagslýsing – Athugasemdafrestur

Frestur til að senda inn athugasemd við skipulagslýsinguna er 25. apríl 2024.

Íbúar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að kynna sér skipulagslýsinguna og senda inn ábendingar með:

- tölvupósti á skipulag@akureyri.is
- bréfleiðis til þjónustu- og skipulagssviðs í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9
- í gegnum Skipulagsgátt.



Akureyrarbær


Blöndulína 3 – skipulagslýsing

Blöndulína 3 - Skipulagslýsing og kynningarfundur

Hlusta

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur samþykkt að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Blöndulína 3 til samræmis við niðurstöðu umhverfismats framkvæmdarinnar.

Fyrsta skrefið í þeirri vinnu er kynning á skipulagslýsingu í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem fram kemur hvaða áherslur bæjarstjórn hefur við skipulagsvinnuna, upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli og hvernig kynningu og samráði verði háttáð.

Lýsinguna má nálgast [hér](#) 


Íbúar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að kynna sér skipulagslýsinguna og senda inn ábendingar, annað hvort með tölvupósti á skipulag@akureyri.is, bréfleiðis til þjónustu- og skipulagssviðs í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9 eða í gegnum Skipulagsgátt.

Frestur til að senda inn ábendingar er til 25. apríl nk.

Miðvikudaginn 10. apríl verður efnt til kynningarfundar í Giljaskóla (gengið inn um inngang að austanverðu).

Á fundinum munu skipulagshönnuðir kynna fyrirhugaða skipulagsvinnu og í kjölfarið verður boðið upp á þátttöku í umræðuhópum.



Fundurinn hefst kl. 16.30 og stendur til kl. 18.00.



Breytt ámynd - Fannagil ofan Akureyrar

Skipulagslýsinguna má nálgast á heimasíðu Akureyrarbæjar

www.akureyri.is



www.skipulagsgatt.is

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/383>



Umsagnir (0)

Blöndulína 3 – önnur gögn

Þá má nálgast ýmiss gögn varðandi mat á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is



Akureyrarbær

